



**Jafnlauna- og jafnréttisstefna
lögreglunnar 2025-2028**

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna lögreglunnar kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja að allt starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf svo sem kveðið er á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og öðrum lögum er snúa að launajafnrétti. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun, sbr. 6. gr. laga nr. 150/2020.

Lögregluembætti þar sem 25 eða fleiri starfa að jafnaði á ársgrundvelli skulu vera með jafnlaunavottun að undangenginni úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi embættisins. Vottunaraðili staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012, sbr. 1. gr. c staðalsins. Jafnlaunakerfið viðkomandi embætta skal ná til alls starfsfólks embættisins, sbr. 7. gr. laga nr. 150/2020.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar lögregluembættanna skv. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 skuldbinda sig til að:

Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við 7. gr. laga nr. 150/2020.

- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsfólki niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.
- Bregðast við frávikum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og tryggja rýni yfirstjórnar hvers embættis árlega.
- Birta jafnlaunastefnuna á innri og ytri vefsvæðum lögreglunnar og kynna hana öllu starfsfólki.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna lögreglunnar grundvallast á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Stefnan er samþykkt af lögregluráði og skal endurskoðuð á þriggja ára fresti, sbr. 5. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Stefnan gildir fyrir öll umdæmi lögreglunnar skv. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, en framkvæmdaáætlun er unnin innan hvers umdæmis.

Stefnan og framkvæmdaáætlanir einstakra umdæma taka gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt þær.

Lögreglan leggur áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika bæði innan lögreglunnar og í þjónustu við almenning í samræmi við lykilgildi lögreglunnar um virðingu, heilindi og traust. Þessi stefna miðar að því að meta einstaklinga að eigin verðleikum og að þau fái notið jafns réttar óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, trú, aldri, fötlun eða öðrum félagslegum þáttum. Þannig er stuðlað að trausti almennings gagnvart lögreglu sem er forsenda árangursríkrar löggæslu.

Hugtakaskilgreiningar

Fjölbreytileiki: Endurspeglast í samsetningu hópsins á vinnustaðnum, hvort sem horft er til kyns, kynhneigðar, kynvitund, kyntjáningar, kynþáttar, aldurs, fötlunar, trúar, skoðana, þjóðernis, efnahags, félagslegrar stöðu eða annarra þátta.

Jafnrétti: Aðstæður þar sem öll njóta sömu réttinda og tækifæra og koma í veg fyrir mismunun.

Kyn: Konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá.

Inngilding: Felur í sér að öll fái notið sín, óháð t.d. uppruna, kyni, hækni eða fötlun og séu viðurkennd sem fullgildir þátttakendur.

Markmið

Jafnréttisstefnu lögreglunnar er ætlað að efla jafnréttismenningu alls starfsfólks lögreglunnar. Það verður gert með eftirfarandi markmiðum:

A. Launajafnrétti

- Starfsfólk skal hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf (sbr. 6. gr. laga nr. 150/2020 og 9. gr. laga nr. 86/2018).
- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunavottun í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins og viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma, sbr. 7.-11. gr. laga nr. 150/2020.

B. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

- Jafna hlutfall kynjanna innan lögreglunnar, meðal lögreglumanna og borgaralegs starfsfólks, einstakra embætta, hópa, sviða og deilda (sbr. 4. gr. laga nr. 150/2020 og 8. gr. laga nr. 86/2018).
- Tryggja að öll laus störf hjá lögreglunni standi opin fólki af öllum kynjum (sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020).
- Auka fjölbreytileika starfsfólks innan lögreglunnar (sbr. 7. gr. laga nr. 86/2018).
- Tryggja gott aðgengi og vinnuaðstöðu á grundvelli líkamlegs og andlegs atgervis (sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 86/2018)
- Efla þjálfun og menntun um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika, þannig að lögreglan hafi hæfni til að þjóna fjölbreyttum samfélagshópum af sanngirni og virðingu (sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020).

C. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

- Stuðla að því að lögreglan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öll með því að vinna að kerfi sveigjanlegs og fyrirsjáanlegs vinnutíma (sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020 og 11. gr. laga nr. 86/2018).
- Gera starfsfólki kleift að samræma sem best einkalíf og starfsábyrgð með því að vera fjölskylduvænn vinnustaður (sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020).
- Stuðla að því að foreldrar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna (sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020).

D. Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi (EKKO)

- Að einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi innan lögreglunnar verði ekki liðið (sbr. 14. gr. laga nr. 150/2020).
- Að forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sé til staðar fyrir lögregluna (sbr. 14. gr. laga nr. 150/2020).
- Vinna markvisst gegn hatursglæpum og mismunun til að tryggja að öll njóti jafns réttar og verndar (sbr. 13. gr. laga nr. 86/2018).

E. Eftirfylgni og endurskoðun

- Að jafnréttisstefna skili tilætluðum árangri og sé í sífelldri þróun (sbr. 5. gr. laga nr. 150/2020).
- Að jafnréttisstefna sé endurskoðuð og uppfærð (sbr. 5. gr. laga nr. 150/2020).

Lykilmælikvarðar

Lykilmælikvarðar um árangur jafnréttisstefnu lögreglunnar eru eftirfarandi:

Kynjahlutföll. Hlutfall eins kyns (kvenna og karla) verði ekki lægra en 40% í öllum störfum og að hlutfall fólks með kynhlutlausa skráningu aukist.

Launamunur kynjanna. Óútskýrður launamunur kynjanna verði í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna jafnalaunavottunar.

Starfsánægja. Að öll lögregluembættin vinni að því að vera að lágmarki með 4 af 5 mögulegum í könnun um Stofnun ársins.

Staða inngildingar. Mótuð hafi verið leið til að mæla stöðu inngildingar hjá lögreglunni.

Skipulag jafnréttismála

Ábyrgð

Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan lögreglunnar í heild sinni.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar bera ábyrgð á framkvæmd jafnréttismála innan síns embættis.

Jafnréttisfulltrúar lögreglunnar

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar skipa jafnréttisfulltrúa við embætti sín til þriggja ára í senn, gera starfslýsingu fyrir þá og tryggja þeim nægjanlegt svigrúm til að sinna verkefnum sínum. Jafnréttisfulltrúarnir vinna að jafnréttismálum innan embættisins og eru starfsmönnum til aðstoðar og ráðgjafar um jafnrétti.

Jafnréttisfulltrúar lögreglunnar skipa jafnréttisnefnd ríkislögreglustjóra og boðar fulltrúi ríkislögreglustjóra til samráðsfunda jafnréttisfulltrúa að jafnaði sex sinnum á ári. Meginhlutverk jafnréttisnefndar er að hafa yfirsýn yfir stöðu jafnréttismála á landsvísu, fylgja eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu lögreglunnar og vekja athygli á stöðu og þróun jafnréttismála innan og utan lögreglunnar.

Fagráð ríkislögreglustjóra

Fagráð ríkislögreglustjóra er ríkislögreglustjóra og lögregluembættunum til ráðgjafar um mál er tengjast beinni og óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti. Ríkislögreglustjóri skipar í fagráðið að fengnum tilnefningum frá jafnréttisnefnd ríkislögreglustjóra til tveggja ára í senn og í því eiga sæti sérfræðingar á sviði jafnréttismála utan lögreglunnar. Stefnt skal að því að fagráðið skili til embættanna árlega samantekt yfir mál sem tilkynnt eru til þeirra. Leita skal samráðs við jafnréttisnefnd lögreglunnar um reglur um vinnulag fagráðsins og skilgreiningu með hvaða hætti það kemur að úrlausn þeirra mála sem upp koma.

Gildistími og eftirfylgni

Jafnlauna- og jafnréttisstefna lögreglunnar tekur gildi að lokinni umfjöllun lögregluráðs með undirritun ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar staðfesta eigin framkvæmdaáætlanir með undirritun sinni.

Ríkislögreglustjóri skal leggja fyrir lögregluráð samantekt um árangursmælikvarða og stöðu jafnréttismála árlega og birta starfsfólki lögreglunnar á innri vef lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar taka saman upplýsingar um framkvæmdaáætlun hvers embættis og deila á innri vef lögreglunnar.

Endurskoða skal jafnlauna- og jafnréttisstefnuna og framkvæmdaáætlanir einstakra embætta á 3 ára fresti. Leggja skal breytingar á jafnlauna- og jafnréttisstefnu fyrir lögregluráð til umfjöllunar, og taka þær gildi með undirritun ríkislögreglustjóra.¹

Reykjavík 11. febrúar 2026



Grímur Hergeirsson
settur ríkislögreglustjóri

¹ Kynnt á fundi lögregluráðs þann 25. janúar 2025.